

SÓLVANGUR HJÚKRUNARHEIMILI 2016

FUNDARGERÐ VERKFUNDAR

Framkvæmdaraðili:	Hafnarfjarðarbær	Fundur nr. :	41
Verktaki:	Munck Íslandi ehf		
Fundarstjóri:	Arnar Smári Þorvarðarson	Fundarritari:	Hilmar Ástþórsson
Fundarstaður:	Verkstað		
Pátttakendur:			16.01.2019
Ásthildur Helgadóttir (ÁH)	Munck	asthildur@munck.is	620 8009
Theodór Sólonsson (TS)	Munck	teddi@munck.is	842 2142
Rúnar Ingi Þórðarson (RIP)	Munck	runar@munck.is	842 2128
Jón Ingi Guðmundsson (JIG)	Munck	joningi@munck.is	894 6488
Þorvarður Kristófersson (ÞK)	Munck	thorvardur@munck.is	842 2180
Arnar Smári Þorvarðarson (ASP)	Verkís	ast@verkis.is	892 3935
Hilmar Ástþórsson (HÁ)	Verkís	hia@verkis.is	846 0011
Gísli Ó. Valdimarsson (GÓV)	VSB	gisli@vsb.is	660 8612
Dreifing:	Fundarmenn		
Fjalar Hauksson (FH)	Munck	fjalar@munck.is	8424742
Bergþóra Smáradóttir (BS)	Munck	bergthora@munck.is	8481210
Stefán Veturliðason (SV)	VSB	stefan@vsb.is	6608606
Sigurður Haraldsson (SH)	Hfj.bær	siggih@hafnafjordur.is	6645631
Verkaupi setur fundargerð á vef Hafnarfjarðar og verður hún þar með opinbert gagn.			Næsti fundur: Miðvikudaginn 30.janúar 2019, kl 8:30 á verkstað.



Vettvangsmyndir (Unnið að niðurlögn snjóbræðslulagna austan við nýbyggingu, búið að koma fyrir undirstöðuhólkum tréþalls. Utanhúss er áfram unnið að einangrun og klæðningu útveggja. Almennit unnið í frágangi innanhúss, dúklögn íverurýma er hafin.)

Nr. **FUNDARGERÐ:** **Frestur:** **Ábm.:**
Skáletraður texti er óbreytt bókun frá síðasta fundi.

- Fundargerðir.**
Fundargerð síðasta verkfundar, nr. 40 var yfirfarin og undirrituð.
Haldnir hafa verið 30 rýnifundir og eru gerðar um þá sér fundargerðir.



2. Umsjón verkkaupa.

Umsjón verkkaupa er :

Verkefnisstjóri: Stefán Veturliðason (VSB)
Byggingastjóri: VSB verkfræðistofa, umsj. Gísli Ó Valdimarsson
Umsjónarm. eftirlits: Arnar Smári Þorvarðarson (Verkís)
Eftirlit: Hilmar Ástþórsson (Verkís)

3. Umsjón verktaka.

Umsjón verktaka er :

Verkefnastjóri: Fjalar Hauksson
Staðarstjóri: Ásthildur Helgadóttir
Verkstjóri: Theodór Sólonsson, Rúnar Ingi Þórðarson
Jarðvinna: Einar Þór Stefánsson
Tæknimaður: Jón Ingi Guðmundsson
Gæðastjóri: Sigurbjörn Bárðarson

Verktaki tilkynnir um eftirfarandi breytingar á umsjón verktaka;

Kári Eiríksson er farinn af verkinu og hættur störfum hjá verktaka.

Bergþóra er komin í fæðingarorlof.

Jón Ingi Guðmundsson er kominn inn sem tæknimaður.

Rúnar Ingi fer af verkinu um næstkomandi mánaðarmót. Þorvarður Kristófersson kemur inn í hans stað.

4. Tryggingar.

Verktrygging – Trygging liggur fyrir og er hluti samningsgagna.

Ábyrgðatryggingar - Staðfesting liggur fyrir frá tryggingafélagi að trygging sé í gildi.

Verkkaupi hefur upplýst að búið er að brunatryggja mannvirkið. Verktaki hefur kallað eftir að fá afrit tryggingaskilmála, til að sjá hvað sé innifalið í brunatryggingu. Eftirlit hefur ekki fengið tryggingaskilmála, en bendir á ákvæði útboðslýsingar og greinar 3.9 í ÍST-30, varðandi tryggingar á framkvæmdatíma. Þar kemur fram að verkkaupi skuli hafa byggingu og allt efni á verkstað brunatryggt. Gengið er útfrá því að tryggingarskilmálar séu til samræmis við ÍST-30 og útboðslýsingu.

Verkkaupi hefur upplýst eftirlit að mannvirkið og byggingarefni á verkstað sé brunatryggt. Skilmálar liggja ekki fyrir hjá eftirliti.

5. Öryggisráðstafanir/öryggismál.

Verktaki hefur lagt fram Öryggishandbók (RFI #13) þann 21.07.2017

Verktaki hefur sent afrit af eigin úttektum öryggismála, nr. 68, til og með 1. nóvember 2017.

Vinnuslys sem varð þann 17.07.17 á verkstað er í rannsókn hjá Vinnueftirlitinu og Lögreglu. Verktaki hefur aftur sett sig í samband við vinnueftirlit vegna vinnuslyss. Verktaki hefur ekki fengið skýrslu, en kemur til með að óska formlega eftir að fá afrit hennar frá vinnueftirliti.

Verktaki bendir á að ljósastaur framan við aksturshlið við Tjarnarbraut logar ekki og bendir einnig á að gata/aksturshringur þar sé ekki háلكuvarin. Eftirlit mun koma athugasemdum áleiðis og ganga eftir úrbótum.

ASP/HÁ



Áfram er sérstaklega hugað að umferð gangandi vegfarenda um bæði Sólvangsveg og við Tjarnarbraut, en skólastarf er í fullum gangi. Brýnt að vinnugirðingar og aksturshlið séu ávallt lokuð og verktaki sé áfram vakandi fyrir umferð vinnuvéla um Sólvangsveg, sérstaklega við lóðarfrágang og móttöku aðfanga.

6. Undirverktakar/meistarar.

Undirverktakar:

- *Pípulagnir: Pípulagningameistarinn ehf.*
- *Uppsláttur og uppsteypa veggja: Roko (Pólskt fyrirtæki)*
- *Blikksmíði og loftræsting: Stjörnuþlíkk ehf.*
- *Raflagnir: Tengill ehf.*
- *Járnbending: Járn SFM ehf*
- *Flotlöggn gólfa: Flotun ehf, Guðmundur Björnsson*
- *Málari: Jón og Marteinn málningarþjónusta ehf*
- *Steinslípun: Litli klettur*
- *Asfaltdúkur: Tambi*
- *Gluggar: Alu plus*
- *Álklæðning: OSS - One Stop Shop*
- *Innréttingar: BIK*
- *Lóðarfrágangur: Krafla ehf.*
- *Léttir gífsveggir og loft: Íslandssmíðar*
- *Gólf- og veggdúkar: OG slf.*
- *Gólfílagagnir baðherbergja: JK Múr*
- *Fólkslyftur: Kone*
- *Gluggafrágangur að innan: SS Múr*
- *Flóttastigar: Vélsmiðja Konráðs*
- *Steðji: málsmiði súlna í tengigangi*
- *Ístak: suðumenn í súlum tengigangi*
- *Stálsmiði: Tækni ehf*
- *Þakfrágangur: Höfuðverk*

Iðnmeistarar:

- *Pípulagningameistari: Magnús Kristinsson*
- *Húsasmíðameistari: Tómas Haukur Tómasson*
- *Raflagnameistari: Haraldur Jón Arason*
- *Blikksmíðameistari: Finnbogi Geirsson*
- *Dúklagningameistari: Örn Gunnarsson*
- *Múrarameistari: Yngvi Eiríksson*
- *Málarameistari: Ágúst Garðarsson*

7. Aðstaða verktaka.

Öll nýbygging er kynnt með vatnshitablásurum.

Verktaki horfir til þess og leggur áherslu á uppsetningu ofna í nýbyggingu og gangsetningu þeirra (aðallega í íverurýmum). Þar með verði vatnshitablásarar aftengdir og nýbygging kynnt með plötuofnum. Ráðgert er að hleypa á ofna hússins í næstu viku.

8. Athafnasvæði.

Skilgreint vinnusvæði er innan girðingar.



Mikilvægt að vinnusæði sé ávallt lokað og ekki opið fyrir umf. óviðkomandi og það á jafnframt við um hlið.

9. Veitustofnanir.

Heimæðar:

Heimæðar fyrir bæði heitt og kalt vatn hafa verið lagðar inn í nýbyggingu.

Rafmagnsheimtaug:

Uppsetningu aðaltöflu er lokið og var hleypt á aðaltöflu síðastliðinn föstudag (07.09.2018).

Samskiptastrengir:

Bæði Míla og Gagnaveita hafa lagt ídráttarrör sín inn í nýbyggingu.

10. Samstarf við aðra.

Verkkaupi (GÓV/ASP) mun undirbúa í samráði við stjórnendur Sólvangs, hvernig verður staðið að tengingum við byggingarhlutann og gera grein fyrir útfærslum við verktaka.

11. Gæðamál.

Verktaki hefur afhent gæðahandbók (barst 23.02.2018).

12. Vinnutími.

Daglegur vinnutími á virkum dögum er frá 07:00 til 18:00 en á laugardögum frá 09:00 til 16:00. Einnig er unnið tilfallandi lengur.

13. Mannafli og tæki frá síðasta verkfundi.

Tæki á verkstað	
Skotbómulyftari	2
Hjólagrafa	0-1
Vörubíll með krana	0-1
Loftpressa (eftir þörfum)	1
Byggingarkrani (Liebherr 81k)	1
Tækja og geymslugámar	1
Hefill	0
Valtari	0
Jarðvegsþjappa	1
Minigrafa	0-1
Vatnshitablásarar	40
Efnisgámar – Timbur/stál/annað	2
Efnisgámar – Á Álfaskeiði	2
Vinnupallar á stærstum hluta húss	-
Spjót	1
Vörubílar	0
Bobcat	1
Saxlyfta	1

Mannafli á verkstað	
Staðarstjórar	1
Verkstjórar	3
Tæknimaður	1
Mælingarmaður	0-1
Smiðir	8-9
Múrarar	0-2
Jarðvinna	0
Verkamenn	5
Rafvirkjar	3-4
Píparar	3-4
Blikkarar	0-1
Málarar	2-3
Kjarnaborun	0
Pappalögn	0
Gluggaísetning	0
Lóðarfrágangur	2-5
Utanhússklæðning	15
BIK innréttinar	0
Lyfta Kone	0-2
Dúkarar	2-3
Samtals:	45-59



14. Dagskýrslur.

Verktaki hefur sent dagskýrslur til og með 12.01.2019.

15. Veðurfar.

Frá síðasta verkfundi hefur verið úrkomusamt. Í fyrradag kólnaði í veðri með snjókomu.

16. Verkstaða – áætlanir, næstu verk.

Verkstaða:

Aðstaða

Aðstöðusköpun er lokið.

Jarðvinna

Búið er að fylla undir grunnplötur, undirstöður tengigangs í inngarði og undir grunnplötu tengigangs (milli undirstöðuveggja). Fylling að undirstöðum/kjallaraveggjum er lokið 100% að sunnanverðu, 100% að austanverðu, ca. 50% að norðanverðu og ca. 90% að vestanverðu. Lagnaskurðum er lokið ca. 90% við suðurhlið, 100% við austurhlið og 60% við norðurhlið.

Búið að grafa fyrir loftræsilögnum áleiðis í lóð og undirvinna fyrir pall er lokið. Fyllingarvinna um og yfir loftstokka í jörðu er hafin.

Burðarvirki

Uppsteypu er lokið nema; 6 stk svalasúlur á 3. hæð.

Stálsúlur (SHS) í tengigang hafa verið settar upp og suðuvinnu er lokið. Úttekt á suðum hefur farið fram og hefur verktaki sent eftirliti úttektarskýrslu á suðuvinnu.

Lagnir

Búið er að leggja lagnir undir grunnplötur. Regnvatnslagnir er búið að leggja að fullu sunnan og austan við hús, 60% norðan við hús og 30% á vesturgafli. Búið er að leggja lagnir að og niðurföll í bílplani.

Lagnavinnu undir inngarði og tengigangi er að mestu leyti búin.

Búið er að koma fyrir innsteyptum niðurföllum í svalagólf.

Búið er að leggja bráðabirgðalagnir innanhúss fyrir vatnshitablásara.

Verktaki hefur lokið að steypa með frárennislögnum í lóðréttum hæðarskilum og er langt kominn með að steypa með hitalögnum.

Búið er að þrýstiprófa stofnlagnir hitalagna á göngum og innan íverurýma. Farið verði að huga að þrýstiprófun neysluvatnslagna og búið er að þrýstiprófa sprinklerlagnir.

Fráveitulagnir utanhúss, undir útkragandi byggingarluta er lokið.


Búið er að hækka upp brunna meðfram suðurhlið byggingar (austan og vestan tengibyggingar), þeir brunnar sem tilheyra bæjarkerfi.

Uppsetning þakniðurfallsröra er lokið um 70%.

Unnið er að uppsetningu úðastúta (sprinkler).

Undirbúningsvinna fyrir kyndiklefa er hafin (grind).

Snjóbræðsla hefur verið lögð frá aðalinngangi (austur) og að malbikuðum stíga norðan nýbyggingar.



	Kjallari	1.hæð	2.hæð	3.hæð	4.hæð
Fráveitulagnir	100%	100%	100%	100%	-
Vatnsúðalagnir	50%	95%	95%	95%	50%
Hitalagnir	90%	90%	90%	90%	-
Gólfhitalagnir	100%	100%	100%	100%	-
Ofnar	80%	90%	90%	90%	100%
Neysluvatnslagnir	95%	95%	95%	95%	-



Vatnskassar 100% 100% 100% 80%

Raflagnir

Búið er að leggja hringjörð jarðskauts (eftir að mæla það).

Vinnu við aðaltöflu er lokið og búið er að hleypa á hana. Smíði annarra rafmagnstafla er nánast lokið, sjö rafmagnstöflur til viðbótar komnar á verkstað.

Búið er að draga ljósastræng í ljósastraura í bílaplani, setja upp kúpla og hleypa á þá. Búið er að leggja ídráttarrör að djúpgámum.

Uppsetning fólkslyfta er langt komin, um 90% lokið, úttekt eftir.

Búið er að draga út strengi fyrir ljósastraura og ljósapolla í lóð (framan við aðalinngang).

Unnið hefur verið að uppsetningu tengla/rofa.

Lampar eru komnir á verkstað.

	Kjallari	1.hæð	2.hæð	3.hæð	4.hæð
Vinnulýsing	100%	100%	100%	100%	-
Raflagnastigar	100%	100%	100%	100%	-
Röralagnir (léttir veggir)	95%	95%	95%	95%	-
Útdráttur lágsþenna	-	100%	100%	100%	100%
Útdráttur smáþenna	-	100%	100%	100%	100%
Aðalstofnar	100%	100%	100%	100%	100%
Brunakerfi strengir	-	95%	95%	95%	-
Upps. tengla og rofa		70%	40%	20%	

Frágangur utanhúss

Á suðurhlið er búið að einangra að fullu þá útveggi sem fyllt verður að. Fyllingarvinna á suðurhlið er langt komin.

Búið er að leggja tvöfalt lag af asfaltdúk á tengigang kjallara og einangra.

Niðurlögn rakavarnarlags (asfaltdúk) á þak er lokið.

Á suður-, norður- og austurhlið er einangrun útveggja og vinna við múrkerfi langt komið.

Uppsetning álklaðningar er komin á fullt skrið, unnið að uppsetningu á bæði norðurhlið og vesturgafli.

Verktaki er byrjaður að tjalda utan um svalir á norðurhlið, undirbúningur vegna lagfæringa á yfirborði svalagólfa kominn af stað.

	Vesturhlið	Austurhlið	Norðurhlið	Suðurhlið
Vinnupallar	100%	100%	100%	100%
Þetta lárétt steypuskil	100%	100%	90%	100%
Gluggaísetning	100%	100%	100%	100%
Einangrun útveggja	100%	100%	100%	50%
Festivinklar klæðninga	100%	100%	100%	100%
Leiðarar og undirkerfi	100%	95%	95%	10%
Álklaðning	80%	40%	50%	-

Frágangur innanhúss

Festingar kerfisloftklæðninga eru uppkomnar í kjallara, 1.- og 2.hæð.

Allar kerfisloftaplötur og undirkerfi er komið á verkstað.

Uppsetning kerfislofta er hafin.

Sandspörslun í stigahúsi er lokið og búið er að mála veggi og loft í lyftuhúsum. Málun á gólfleti lyftuskakts er lokið.

Vinna við dúkalögn er hafin. Búið er að dúkleggja íverurými í vesturluta á 1. og 2.hæð.

Búið er að hlaða veggi í baðaðstöðu í kjallara.



	Kjallari	1.hæð	2.hæð	3.hæð	4.hæð
Innveggir (grindur)	100%	100%	100%	100%	-
Innveggir (einföldun)	100%	100%	100%	100%	-
Innveggir (Tvöföldun)	90%	100%	100%	90%	-
Veggir með skolkossum	-	100%	100%	80%	-
Gífsbitar	80%	100%	95%	100%	-
Steinslípun	100%	100%	100%	100%	100%
Föst gífsloft (grind)	-	95%	95%	30%	-
Sandspörslun	100%	100%	100%	100%	100%
Sparslvinna innveggir	70%	95%	95%	90%	-
Rykbinding	100%	100%	100%	100%	-
Málun	50%	80%	80%	60%	-
Múrvíðgerðir	100%	100%	100%	100%	-
Gífsafklæðning innr.	-	100%	100%	100%	-
Innréttingar íverurými	-	100%	100%	95%	-
Múrhúðun gluggakanta	-	80%	100%	100%	50%
Festingar fyrir lyftib.	-	100%	100%	100%	-
Kerfisloft	-	60%	40%	30%	-
Dúklögn íverurýma	-	50%	50%	-	-

Flotun gólfa:

Flotun er lokið, ef frá er talinn tengigangur kjallara.

	Kjallari	1.hæð	2.hæð	3.hæð	4.hæð
Flotun	90%	100%	100%	100%	100%
Ílögn baðherbergja	-	100%	100%	100%	-

Loftræsing:

Hluti loftræsiröra sem koma í jörðu eru komin á verkstað, greftri fyrir lögnum og niðurlögn er lokið að hluta til.

Búið er að steypa inn loftræsirör í jörðu.

Búið er að ganga frá brunapéttingum með loftræsingunni úr tæknirými.

Kassar fyrir útsogsblásara á þaki og lofttúður eru uppsettir og frágengið.

Búið er að setja viðbótarlokanir yfir loftstokka á þaki.

Loftræsisamstæða er komin inn í hús, frágangur/uppsetning er langt komin.

Kjarnaborun fyrir nýjum ferskloftsventlum er lokið, sem og uppsteypu í núverandi göt.

	Kjallari	1.hæð	2.hæð	3.hæð	4.hæð
Stofnlagnir	100%	100%	100%	90%	-
Útsogsstokkar	-	100%	100%	100%	-
Ferskloftsventlar:					
Steypa í núverandi göt	-	100%	100%	100%	-
Kjarnaborun	-	100%	100%	100%	-
Asfalt yfir núverandi göt	-	100%	100%	100%	-

Lóðarfrágangur:

Búið er að grafa fyrir og koma niður ljósastaurum.

Búið er að grafa fyrir, steypa og fylla að steiptum veggjum djúpgáma sorps.

Djúpgámar eru komnir, verða teknir á verkstað þegar það hentar.

Búið er að malbika bílastæði (02.09.2018) og steypa kantstein (09.10.2018).

Búið er að leggja snjóbræðslulagnir austan nýbyggingar, þ.e. þær slaufur sem tengjast dreifíkistum nr. 2 og 3.

Hellulögn austan við nýbyggingu (framan við heilsugæslu) er lokið, ca. 40%.



Búið að leggja takkadúk ofan á tengigang.
Búið er að jafna undir snjóbræðsluslaufur meðfram austurgafli og inn að aðalinngangi.
Búið að koma fyrir undirstöðuhólkum fyrir timburpall og fylla að þeim.
Eldri húshlutar:
Búið er að fjarlægja klæðningu útveggja Sólvangs þar sem tengigangur leggst að, gert 7.-8. apríl.

Næstu verk: (2 vikur, eða að næsta verkfundi)

Aðstaða

Hugsanlega verði hugað að lagfæringu á vinnugirðingu norðan við nýbyggingu, meðfram göngustíg.

Jarðvinna

Jarðvinna sunnan við nýbyggingu, stefnt að niðurlögn loftræsiröra í jörðu og fylla að. Unnið í lagnaskurðum meðfram suðurhlið.

Burðarvirki

Undirbúningur fyrir ísteyptar festingar í súlur 3.hæðar.
Unnið áfram að smíði á stálvirki skyggna yfir aðalanddyri og svala.

Lagnir

Áfram unnið að uppsetningu vatnsúða-, neyslu- og hitalagna.
Ljúka við að steypa með lögnum í hæðarskilum.
Vinna að uppsetningu þakniðurfallsröra.
Ljúka við að setja upp plötuofna í íverurýmum 3.hæðar og hleypa á þá.
Vinna að tengigrind húss.

Raflagnir

Tengivinna, frágangur strengja inn í töflur.
Vinna að uppsetningu rafmagnstaflna.
Áfram unnið við tengla og rofásetning.
Vinna að uppsetningu lampa.

Loftræsilagnir

Niðurlögn á loftræsilögnum í jörðu.
Hefja ísetningu ferskloftsventla.

Frágangur utanhúss

Vinna að múrkerfi útveggja á suður- og norðurhlið.
Ráðgert að þakefni komi á verkstað, þ.e. steinull.
Unnið er að útfærslu/teikningum af flóttastiga.
Vinna að yfirborðsfrágangi svalagólfa ef aðstæður/veður leyfir.
Klára að einangra útveggi og vinna áfram að klæðningu.
Hefja vinnu við frágang þakflatar.

Frágangur innanhúss

Verktaki mun halda áfram að hindra vatnstreymi um byggingu.
Vinna áfram að frágangsvinnu glugga að innanverðu.
Kjarnaborun fyrir lögnum eftir þörfum.
Vinna að uppsetningu á burðarkerfi og kerfisloftaplötum.
Klára að ganga frá og sparsla steypusár á 3.hæð, eftir að steyp var í eldri göt ferskloftsventla.
Unnið að málun, lögð áhersla á 3.hæð.
Vinna að dúklögn á 2.hæð.

Innihurðir íverurýma komi á verkstað, bæði anddyrishurð og rennihurð baðherbergja.

Lóðarfrágangur

Koma fyrir undirstöðum tréþallar og hefja smíði.



Svæði norðan heilsugæslu/austan nýbyggingar;
Hellulögn á austurgafli og inn að aðalinngangi.

17. Verkáætlun.

Verktaki hefur lagt fram nýja uppfærða verkáætlun (afhent 10.des). Með nýrri uppfærði verkáætlun, tilkynnir verktaki seinkun verkloka til 3. Júní 2019.

Farið var yfir gildandi verkáætlun verktaka, í megindráttum er raunstaða verkhluta nokkurn veginn til samræmis við gildandi verkáætlun.

18. Hönnun (breytingar).

Sjá frekari atriði sem bókuð eru undir kafla 34 - Önnur mál.

19. Teikningar og önnur gögn.

Frá síðasta verkfundi (nr.40) hafa engar teikningar verið gefnar út.

Alls hafa því verið gefnar út $298+106+91+120+13 = 628$ breyttar útgáfur teikninga. (arkit.+burð.+lagn.+rafl.+lóð), auk þess sem 31 nýjar útgáfur teikninga hafa verið gefnar út.

Verktaki kallar eftir lista yfir væntanlegar breyttar/nýjar verkeikningar frá hönnuðum og útlistun á hvenær þeirra er að vænta.

Eftirliti er kunnugt um að von sé á eftir eftirfarandi teikningum;

- *Uppfærðri lóðarteikningu sem sýnir útfærslu lágbandagirðingar meðfram Sólvangsvegi (Búist við 18.09.2018). Vantar sérteikningu, reiknað með að hún verði afhent í vikunni.*
- *Tenging við eldri byggingu, tengingangur kjallara. Unnið er að uppfærðum verkeikningum hvað þetta varðar, eftirlit mun sömuleiðis senda frá sér orðsendingu.*
- *Útfæra þarf teikningu af hurð 4.hæðar, sem kemur í gluggakerfi (aðgengi að þakfleti).*
- *Uppfæra þarf raflagnateikningar m.t.t kveikinga í íverurýmum, til samræmist við breytt lampaval í íverurýmum sem hefur verið til umræðu.*

HÁ

HÁ/ASP

HÁ/ASP

Eins og áður hefur komið fram varðandi inngarð skal verktaki fjarlægja lífrænan jarðveg (mold) úr inngarði og fylla upp með burðarhæfu fyllingarefni í kóta +15.00. Ekki liggja fyrir frekari fyrirmæli um framkvæmdir í inngarði.

20. Efnisútvegum / efnisvottorð.

Verktaki hefur sent eftirfarandi efnissamþykktir frá síðasta verkfundi;
Smíðateikningar skyggna, bekkir á lóð.

Frá síðast verkfundi hefur eftirlit ekki formlega afgreitt/ svarað neinum efnissamþykktum.

Eftirlit vinnur að því að yfirfara og afgreiða, í samráði við hönnuði, útistandandi efnissamþykktir til verktaka. Meðfylgjandi tafla er yfirlit yfir opnar efnissamþykktir.

HÁ



Óafgreiddar efnissamþykktir		
Efnissamþykkt	Ábyrgð	Skýring
#6.4-2-3.0 Þétting milli karms/steins	Munck	Eftirlit hefur tekið afstöðu til
#6.4-5.1 Festingar glugga	Munck	Eftirlit hefur tekið afstöðu til
#3.4-0.0 Salernisseta	Verkís	Til yfirferðar, frekari uppl. borist
#6.3-3.0 Þakpappi – Yfirpappi	Verkís	Til yfirferðar
#8.4-5.0 Reiðhjólgrindur	Verkís	Til yfirferðar
#8.4-9.0 Bekkir á lóð	Verkís	Til yfirferðar
#6.6-2.1 Smíðateikningar skyggna	Verkís	Til yfirferðar

Rætt um það er í baðaðstöðu í kjallara, skoða þarf hvort til sé tilboðsliður og verklýsing í samningsgögnum.

21. Viðbótarsamningsverk.

Ekkert bókað.

22. Aukaverk.

Verktaki hefur vakið athygli á eftirfarandi aukaverkum:

Breytingar og uppsteypa trappna í núverandi byggingu er ekki skilgreindur verkþáttur. Teikning hefur verið afhent, eftirlit mun senda orðsendingu sem gerir frekari grein fyrir verkþætti. Ó.br.

ASP

Lögð verður áhersla á að afgreiða efnislega þau aukaverk sem þegar hafa verið unnin. Krafa verktaka um biðtíma er enn óafgreidd en eftirlit og staðarstjóri verktaka hafa fundað vegna þessa. Eftirlit hefur tekið afstöðu til, með orðsendingu nr. 064. Verktaki mun svara.

ÁH

Verktaki upplýsir um að hann líta á það sem aukaverk að steypa stalla undir gólf síða glugga. Eftirlit mun skoða gögn hvað það varðar. Eftirlit hefur tekið afstöðu til, með orðsendingu nr. 061. Verktaki mun svara.

ÁH

Verktaki vekur athygli á verkþáttum í lóðarfrágangi sem ekki eru til einingaverð fyrir, eins og t.d setbekkur við aðalinngang og lágbandagirðing. Einnig breytt efnisval á hellum, hellur verði 8cm þykkar í stað 6cm, framan við aðalinngang austanmegin. Verktaki hefur upplýst um kostnaðarauka vegna hellna úr 6cm í 8cm. Eftirlit mun taka afstöðu til.

HÁ

Verktaki kallar eftir viðbrögðum við orðsendingu sinni nr. 038, uppgjör á vinnu vegna tengigangs (burðarvirki). Rætt hefur verið að verktaki taki saman og geri grein fyrir kröfu sinni vegna þessa, er í vinnslu hjá verktaka.

ÁH

Finna þarf grundvöll til uppgjörs fyrir gífsafklæðningu innréttinga í íverurýmum. Sýnishorn af lausn var skoðað og samþykkt. Ó.br. frá síðasta verkfundi, eftirlit og verktaki finni fundartíma í sameiningu. Er í magnuppgjöri gífsveggja.

KE/ASP

Breikkun/stækkun á hurðargötum á þremur baðherbergjum í austurhluta.

Verktaki álitur breytta útfærsla loftræsilagna í jörðu sem aukaverk, sem kallar á breytta legu og beygjur.



Verktaki kallar eftir nýrri tilboðsskrá/magnskrá fyrir innihurðir. Eftirlit er að vinna í því.

HÁ/ASP

23. Magntölur.

- Verktaki vekur athygli á að magn fyllinga í og utan grunns er nokkuð meira en magnskrá gerir grein fyrir. Verktaki mun leggja fram útreikninga/mælingar þess til uppgjörs verkþáttar. Verktaki hefur skilað inn bráðabirgða útreikningum fyrir fyllingar, en á eftir að skila inn nákvæmari útreikningum.
- Verktaki hefur sent frá sér útreikninga varðandi magnaukningu á einangrun á grunnplötu.
- Athygli er vakin á því að flotilögn sé líklegast nokkuð vanáætluð í magnskrá.
- Verktaki vekur athygli á að líklega verði magnaukning í rafmagnsdósum og röralögnum, verktaki gerir grein fyrir því þegar gögn liggja fyrir.
- Verktaki vekur athygli á hugsanlegri magnaukningu á utanhússklæðningu. Verktaki hefur sent frá sér orðsendingu og mælibréf vegna magnaukninga í álklaðningu, hornáfellum og vatnsbrettum.
- Verktaki vekur athygli á að magntölur kerfisloftaplatna séu á skjön við magnskrá.
- Verktaki vekur athygli á breytingum sem orðið hafa verið á innréttingum, innihurðum og gluggum. Þörf sé á að endurskoða magnskrá vegna þessa.
- Upplýst um magnaukningu í tilboðslið 3.8.1 - Kjarnaborun.
- Upplýst um magnaukningu í kúlulokum.
- Verktaki upplýsir um magnaukningu á heildarmagni gífsveggja, áætlað heildarmagn allra gerða aukist um 900m². Líklegt þykir að vegna þessa verði þá sömuleiðis magnaukning á máluðum veggjum. Verktaki hefur gert grein fyrir magnaukningu á gífsveggjum með orðsendingu sinni nr. 78. Verktaki hefur sent frekari gögn með orðsendingu sinni.
- Magn á timburklæðningu undir skyggni, yfir svölum og aðalanddyri er minna en magnskrá gerir ráð fyrir.

ÁH

ÁH

Aðilar sammála um að klára uppgjör á loknum og langt gengnum verkþáttum eins fljótt og kostur er. Eftirlit kallar eftir því að farið verði í uppgjör á þeim verkþáttum sem loknir eru og eða langt komnir, t.a.m burðarvirki og jarðvinna.

24. Rannsóknir.

VPS verkfræðistofa hefur tekið út suðuvinnu stálsúlna og hefur verktaki sent úttektarskýrslu á eftirlit.

25. Mælingar.

Innmæla þarf lagnir í inngarði áður en þær verða huldar.

26. Bréf/orðsendingar.

Verktaki hefur lagt fram orðsendingar til og með nr. 82. Eftirlit hefur lagt fram orðsendingar til og með nr. 82.



Verktaki kallar eftir viðbrögðum við ósvöruðum orðsendingum.

ASP/HÁ

27. Reikningar.

Framvindureikningur nr. 19 hefur verið skrifaður út.

28. Kröfur.

Bréf frá Logos, með kröfum verktaka hefur borist til Juris (verkkaupa), dagsett 11.12.2018. Í umræddu bréfi eru upplistaðar fram komnar kröfur verktaka.

Verkkaupi og verktaki hittust á fundi vegna krafna, þann 13.12.2018. Minnisblað frá umræddum fundi var sent út þann 18.12.2018.

29. Tafabætur.

Ekki tekið fyrir.

30. Rif gamalla mannvirkja.

Skoða þarf frekar og gera grein fyrir tengigangi kjallara, þ.e. hvernig tenging við eldri byggingu verði útfærð, s.br. umræður og bókun þar um á rýnifundi nr. 021. Ó.br. frá síðasta verkfundi.

ASP

31. Úttektir, byggingafulltrúi.

Úttektir byggingafulltrúa og byggingastjóra eru í samræmi við hefðbundið ferli. Sama gildir um úttektir eftirlits.

Hafa þarf í huga áfangaúttektir, t.a.m lagnir sem koma til með að lokast af.

Verktaki hefur tekið myndir af uppsettum eldvarnarborðum á lögnum í hæðarskilum og heldur utan um á verkefnavef sínum (Procore). Verktaki vinnur áfram að því að kortleggja uppsetta eldvarnarborða lagna.

Óskað er eftir að verktaki sendi frá sér afrit af teikningum/kortlagningu uppsettra eldvarnarborða, eins og staðan er í dag.

ÁH

Rætt um áfangaúttektir lagna, hafa þarf í huga að taka út t.a.m stofnlagnir loftræsingar sem ganga upp á milli hæða. Þær þarf að taka út áður en lagnastokkar eru klæddir af (eru í sama brunahólfi og kjallari). Búið er að taka út lóðrétt loftræsistokka (á milli hæða), verktaki á eftir að fá afhenta staðfestingu/úttektarblað.

GÓV

Rætt um setja upp nýja möppu á verkefnavef (Dropbox), þar verði komið fyrir úttektarblöðum/skýrslum vegna úttekta/þrýstiprófana lagna.

32. Verklök.

Með nýrri uppfærðri verkáætlun, sem verktaki afhenti 10.12.2018 var tilkynnt um seinkun verkloka til 3. Júní 2019. Samanber bókun undir fundarlið nr. 17.

33. Samningslok.

Ekki tekið fyrir.



34. Önnur mál.

Eftirlit og verktaki funduðu vikulega, þ.e. „stöðufundur úrlausna“. Ekki hefur verið fundað undanfarið, aðilar halda því opnu í framhaldinu og verður fundað eftir þörfum.

Eftirlit kallar eftir viðbrögðum við orðendingum nr. 51 og 62. Frávik á uppsteypu súlu svölum 3.hæðar í vesturhluta. Eftirlit ítrekar ósk sína um viðbrögð við umræddum orðsendingum. Verktaki mun skoða umrætt atriði og svara fyrir.

ÁH

Verktaki hefur áður upplýst um áhyggjur sínar af plássleysi ofan kerfislofta (í kjallara og almenningsgöngum), þ.e. árekstur lagna og búnaðar sem í kerfisloft koma.

Eftirlit, verktaki, byggingarstjóri og ráðgjafar hafa hist í sameiginlegri skoðun og farið heildstætt yfir lofthæðir og lagnaleiðir í kjallara og efri hæðum. Farið var yfir nauðsynlegar úrbætur/aðgerðir þannig að fyrirskrifuð lofthæð væri uppfyllt. Eftirlit sendi frá sér minnisblað vegna þessa, minnispunktur frá sameiginlegri skoðun (sent út 15.01.2019).

Verktaki óskar eftir frekari skoðun á hvernig handlistar í tengigangi verði útfærðir, m.t.t festinga þeirra og afstöðu miðað við ofna sem uppsettir verða í tengigang. Farið var yfir hugmynd að frekari lausnum/útfærslum, teikning verður uppfærð og útgefin.

HÁ

Skoða þarf greiðslu reikninga fyrir bæði heitt vatn og rafmagn. Verkkaupi hefur verið að greiða fyrir heitt vatn, það á að vera á hendi verktaka á meðan á framkvæmdatíma stendur.

Með vísan í útboðslýsingu, kafla 0.1.3 Kröfur til bjóðanda, er óskað eftir því að verktaki sýni verkkaupa fram á að öll réttindi og skyldur gagnvart starfsmönnum og undirverktökum séu uppfyllt (launagreiðslur, starfskjör, tryggingar og önnur réttindi til samræmis við gildandi kjarasamninga og lög).

Til frekari upplýsinga er vísað til útboðslýsingar, kafla 0.1.3 - Kröfur til bjóðanda, Ábyrgð verktaka gagnvart starfsmönnum sínum og undirverktaka.

Verktaki hefur sent frá sér gögn og telur sig hafa uppfyllt og sýnt fram á ofanritað. Verktaki óskar eftir formlegri fyrirspurn ef óskað er eftir frekari gögnum, og þá hverslags gögnum verkkaupi óski eftir.

Samþykkt fyrir hönd verktaka:

Samþykkt fyrir hönd verkkaupa:
